

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur fimmtudaginn 27. september 2018 í máli nr. E-240/2018:

Friðrik Björnsson

(Sigurður Sigurjónsson lögmaður)

gegn

Verði tryggingum hf.

(Eva Bryndís Helgadóttir lögmaður)

Mál þetta var höfðað með stefnu, sem þingfest var 25. janúar 2018, og dómtekið 30. ágúst 2018. Stefnandi er Friðrik Björnsson, [...], [...], en stefndi er Vörður tryggingar hf., Borgartúni 25, Reykjavík.

Stefnandi krefst þess aðallega að viðurkenndur verði réttur hans til skaðabóta úr hendi stefnda úr starfsábyrgðartryggingu lögmannsins A hjá stefnda vegna fjártjóns er stefnandi hafi orðið fyrir vegna mistaka lögmannsins við hagsmunagæslu fyrir stefnanda. Þá gerir stefnandi kröfu um að stefnda verði gert að greiða honum málskostnað að skaðlausu að mati réttarins að teknu tilliti til tímaskýrslu lögmanns hans og virðisaukaskatts. Til vara er gerð sú krafa, verði eigi fallist á aðalkröfu stefnanda, að málskostnaður verði látinn niður falla.

Stefndi krefst þess aðallega að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og dæmdur málskostnaður úr hans hendi að mati réttarins en til vara að dómkröfur stefnanda verði lækkaðar verulega og málskostnaður látinn niður falla.

I

Málsatvik

Aðila máls þessa greinir nokkuð á um málsatvik og tildrög máls þessa en forsögu þess má rekja til þess að með kaupsamningi 17. ágúst 2006 keypti félagið E2 ehf., sem síðar fékk heitið Miðbæjarbyggð ehf., allt hlutafé af stefnanda í félaginu Nero hf. og nam kaupverðið 180.000.000 króna. Sama dag gaf félagið E2 ehf. út tryggingarbréf til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu á skuld við handfafa bréfsins allt að fjárhæð 20.000.000 króna. Fasteign að Bolholti 6, með fastanúmerin 201-2390 og 201-2391, eignarhlutar 01-0401 og 01-0402, var sett að veði og hvíldi bréfið á 2. veðrétti. Þinglýstur eigandi fasteignarinnar og beggja eignarhlutanna var félagið H.G. Meyer ehf. en það félag og félagið Miðbæjarbyggð ehf. munu hafa verið í eigu sama aðilans. Stefnandi var handhafi bréfsins.

Í stefnu er greint svo frá málavöxtum að stefnandi hafi leitað til lögmannsins A á árinu 2007 og falið honum að gæta hagsmuna sinna vegna kröfu sem stefnandi hafi átt á hendur Miðbæjarbyggð ehf. vegna áðurnefndra viðskipta

með hluti í félaginu Nero hf. Þann 12. nóvember 2007 hafi verið útbúinn viðauki við áður nefnt tryggingarbréf. Þar hafi m.a. komið fram að fyrrgreindir eignarhlutar væru í eigu H.G. Meyer ehf., tryggingarbréfið hefði verið gefið út vegna sölu stefnanda á öllum hlutum í Nero hf. samkvæmt kaupsamningi 17. ágúst 2006 og væri stefnandi eigandi bréfsins. Þá sagði að með viðaukanum staðfestu útgefandi/skuldari og veðsali að fjárhæð þess skyldi greiðast á einum gjalddaga, 26. apríl 2008. Enn fremur sagði í viðaukanum að félli skuldin í gjalddaga gæti veðhafi látið selja hina veðsettu eign nauðungarsölu án undangengis dóms, sáttar eða aðfarar, sbr. 2. tölulið 1. mgr. 6. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu eða látið gera aðför til fullnustu skuldarinnar hjá skuldara/veðsala án undangengis dóms eða réttarsáttar samkvæmt 7. tölulið 1. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1989 en ákvæði þessa efnis hafði ekki verið að finna í tryggingarbréfinu sjálfu. Að öðru leyti munu ákvæði tryggingarbréfsins hafa verið óbreytt.

Þá hafi jafnframt verið gengið frá samkomulagi milli aðila kaupsamningsins vegna eftirstöðva af kaupverði og útbúin yfirlýsing þar að lútandi. Á þeim tíma hafi greiðsla að fjárhæð 44.000.000 króna á gjalddaga 5. janúar 2007 verið í vanskilum. Samkomulag hafi orðið um að stefnandi myndi veita kaupanda afslátt að fjárhæð 14.000.000 króna af söluverði hlutanna. Við það hafi ógreiddar eftirstöðvar numið 30.000.000 króna. Þá hafi í samkomulaginu verið kveðið á um að greiðsla eftirstöðva yrði með þeim hætti að greiðsla, sem Miðbæjarbyggð ehf. hafði áður greitt til lögmannsins, að fjárhæð 6.000.000 króna, skyldi renna til stefnanda. Þá skyldi „veðtryggingarbréfið“ að fjárhæð 20.000.000 króna standa til tryggingar sömu fjárhæð og skyldi gjalddagi þeirrar greiðslu vera 26. apríl 2008. Þá skyldi Miðbæjarbyggð ehf. gefa út skuldabréf að fjárhæð 4.000.000 króna með gjalddaga 26. apríl 2008. Umrætt skuldabréf hafi verið gefið út og afhent stefnanda og það greiðst í gegnum banka. Miðbæjarbyggð ehf. hafi á hinn bóginn ekki staðið við að greiða 20.000.000 króna þann 26. apríl 2008 og hafi lögmaðurinn þá hafið innheimtuaðgerðir fyrir hönd stefnanda. Lögmanninum hafi borist greiðslur að fjárhæð 5.000.000 króna þann 8. júlí 2008, 2.500.000 krónur þann 1. ágúst 2008 og 2.500.000 krónur þann 3. október 2008. Hafi greiðslur þessar verið innborganir inn á höfuðstól og vexti skuldar Miðbæjarbyggðar ehf. að fjárhæð 20.000.000 króna samkvæmt áður nefndu samkomulagi sem gjaldfallið hafði 26. apríl 2008 auk vaxta og kostnaðar.

Í tölvuskeyti til lögmannsins 7. apríl 2008 sagði stefnandi að „Glitnir sendi mér tilbaka 20 millu kr. bréfið og sagðist ekki geta innheimt það, þar sem það væri tryggingarbréf en ekki veðskuldabréf. Hins vegar innheimta þeir 4 millurnar. Þar af leiðandi bið ég þig um að senda tímanlega vini mínum Halldóri Meyer, innheimtubréf, þar sem fram kemur að skuldin eigi að greiðast á skriftstofu

virðulegs lögmanns, A.“ Þá sagði að ef „þeir félagar biðja um gott veður, varðandi greiðslu á gjalddaga, þá segir þú þeim að það skemmi ekki fyrir ef þeir greiði strax 4 millur hjá Glitni“.

Lögmaðurinn sendi Miðbæjarbyggð ehf. bréf sem dagsett er 17. apríl 2008 og bar yfirskriftina „Tilkynning um gjalddaga og greiðslustað veðtryggingarbréfs.“ Þar var vakin athygli á því að gjalddagi samkvæmt „veðtryggingarbréfi“ og viðauka við það væri 26. apríl 2008 og að greiða bæri fjárhæð bréfsins, 20.000.000 króna, inn á nánar tilgreindan reikning lögmannsins.

Lögmaðurinn lagði fram kröfu um nauðungarsölu á fasteigninni Bolholti 6 fyrir hönd stefnanda þann 26. maí 2008 á grundvelli tryggingarbréfsins og viðaukans. Af hálfu embættis sýslumanns komu fram athugasemdir sem lutu að því að tryggingarbréfið væri ekki fullnustugrundvöllur og að liggja þyrfti fyrir dómur um þá kröfufjárhæð sem tryggingarbréfinu væri ætlað tryggja í fasteigninni. Af því tilefni mun lögmaðurinn hafa sent sýslumanni bréf 1. október 2008 með athugasemdum sínum við afstöðu sýslumanns og kröfu um að nauðungarsalan færi fram. Mun hafa verið látið reyna á nauðungarsölumeðferð á fasteigninni. Þann 7. maí 2009 mun hafa farið fram framhaldssala á fasteigninni en Íslandsbanki hf., sem átti kröfu á 1. veðrétti, bauð fjárhæð í fasteignina sem ekki reyndist nægileg til þess að nokkuð fengist upp í kröfu uppboðsbeiðanda og var uppboðið því árangurslaust.

Með tölvuskeyti til stefnanda 7. júlí 2009 upplýsir lögmaðurinn um þau málalok að 7. maí 2009 hafi farið fram „framhaldssala á Bolholti 6, Reykjavík, eignarhlutum 201-2390 og 201-2391, gerðarþoli H.G. Meyer ehf. Gerðarbeiðandi var Friðrik Björnsson. Hvorartveggju (svo) framhaldssölurnar voru árangurslausar, þar sem hæsta boð náði ekki inn í kröfu uppboðsbeiðanda og veðhafi á 1. veðrétti, Íslandsbanki hf., var ekki uppboðsbeiðandi.“ Tölvupósturinn var staðfestur um hæl af stefnanda um móttöku.

Í stefnu kemur fram að í kjölfar þessarar árangurslausu gerðar hafi lögmaðurinn fullvissað stefnanda um að krafa hans væri að fullu tryggð og ekki þyrfti að hafa áhyggjur af því að hún fyrndist. Stefnandi kveður lögmanninn alla tíð hafa haft umboð til að fara með forræði málsins og hafi hann treyst honum að öllu leyti fyrir hagsmunum sínum og meðferð málsins. Engin breyting hafi orðið á því þar til í febrúar 2015. Stefnandi kveður lögmanninn ítrekað hafa fullvissað sig um að krafan væri að fullu tryggð og að greiðsla myndi nást. Stefnandi kveðst oftast hafa verið í símasambandi við lögmanninn vegna málsins en aldrei fengið skilagrein eða reikninga fyrir þóknanir. Hafi lögmaðurinn haldið eftir hluta af greiðslum en síðast greitt sér 700.000 krónur þann 12. mars 2014.

Með tölvuskeyti stefnanda til lögmannsins 10. maí 2012 biður hann lögmanninn að kanna „hvort Miðbæjarbyggð kt. [...] á einhverjar eignir sem hægt

er að ganga að.“ Stefnandi mun ekki hafa fengið svar við þessu skeyti.

Þá kemur fram í stefnu að það hafi svo ekki verið fyrr en 13. mars 2014 sem lögmaðurinn hafi farið af stað með innheimtutilraunir á ný með framlagningu beiðni um nauðungarsölu. Embætti sýslumannsins í Reykjavík hafi endursent beiðnina 1. júní 2014 með vísan til 2. mgr. 13. gr. laga nr. 90/1991 og svofelldri áritun: „Skv. 3. tl. 1. mgr. 6. gr. laga 90/1991 má krefjast nauðungarsölu til fullnustu gjaldfallinni peningakröfu skv. þinglýstum samningi um veðrétt í eigninni fyrir tiltekinni peningakröfu. Orðalagið „allt að“ kr. 20.000.000 þykir ekki uppfylla það skilyrði.“ Ekki hafi því orðið af nauðungarsölumeðferð á eigninni.

Er greint svo frá í stefnu að eftir frávísun málsins frá sýslumanni hafi lögmaðurinn fengið gögnin endursend. Hafi stefnandi sent lögmanninum tölvuskeyti þann 21. og 30. júlí 2014 vegna þessa. Þá fyrst hafi lögmaðurinn reynt að fá dóm fyrir kröfu stefnanda á hendur Miðbæjarbyggð ehf. og farið þá leið að leita úrlausnar héraðsdóms um réttmæti kröfu stefnanda á hendur Miðbæjarbyggð með máli sem þingfest hafi verið í Héraðsdómi Reykjavíkur 16. september 2014. Málið var höfðað á hendur Miðbæjarbyggð ehf. og H.G. Meyer ehf. en til réttargæslu Sýslumanninum í Reykjavík, Íslandsbanka hf. og Landsbankanum hf. Með úrskurði héraðsdóms í málinu nr. E-3585/2014 sem kveðinn var upp 4. febrúar 2015 var málinu vísað frá dómi vegna vanreifunar.

Stefnandi sendi lögmanninum tölvuskeyti 11. febrúar 2015 þar sem fram kemur að honum finnist „allt þetta mál vera með ólíkindum, þeir leiða líkum að því að lítið sem ekkert sé á bak við tryggingarbréfið, óljóst með upphæðina og þeir botni bara ekkert í þessu. [...] Ég fæ ekki séð hvernig hægt er að vefengja þetta, svo málið hlýtur að vinnast í Hæstarétti, einnig þarf að fá frávísun sýslumanns aflétt. Láttu mig heyra frá því í vikunni.“

Með umboði 12. febrúar 2015 mun núverandi lögmaður stefnanda hafa tekið við rekstri málsins. Með stefnu þingfestri 4. mars 2015 var höfðað mál á hendur Miðbæjarbyggð ehf. og H.G. Meyer ehf. fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur og var það rekið undir númerinu E-868/2015. Í málinu krafðist stefnandi þess aðallega að Miðbæjarbyggð ehf. greiddi sér 20.000.000 króna með dráttarvöxtum og að frádregnum innborgunum 8. júlí, 1. ágúst og 3. október 2008, samtals að fjárhæð 10.000.000 króna og að frádregnum 288.000 krónum sem stefnandi mun hafa skuldajafnað með yfirlýsingu 4. mars 2015. Í stefnu þess máls sagði að krafa stefnanda ætti rætur að rekja til eftirstöðva kaupverðs hlutafjár í Nero hf. samkvæmt áðurnefndum kaupsamningi frá 17. ágúst 2006. Þá var þess krafist að Miðbæjarbyggð ehf. og H.G. Meyer ehf. yrði gert að þola að staðfestur yrði með dómi 2. veðréttur og uppfærsluréttur stefnanda samkvæmt áðurnefndu tryggingarbréfi til tryggingar skuld Miðbæjarbyggðar ehf. við stefnanda og

staðfestingar á sammingsviðauka við bréfið auk þess að stefndu í því máli yrði gert að þola að stefnanda yrði heimiluð aðför og heimilað að krefjast nauðungarsölu á hinni veðsettu eign á grundvelli tryggingarbréfsins. Dómur gekk í málinu 24. febrúar 2016 þar sem fallist var á kröfugerð stefnanda á hendur Miðbæjarbyggð ehf. og H.G. Meyer ehf. Dóminum var áfrýjað til Hæstaréttar og var þar rekið undir númerinu 293/2016. Hæstiréttur kvað upp dóm í málinu 23. febrúar 2017 og voru Miðbæjarbyggð ehf. og H.G. Meyer ehf. sýknuð af kröfugerð stefnanda með vísan til þess að fjárfrafa stefnanda á hendur Miðbæjarbyggð ehf. hefði fyrnst í október 2012 en málið hefði ekki verið höfðað fyrr en í mars 2015. Krafa hefði orðið gjaldkræf samkvæmt 1. mgr. 5. gr. laga nr. 14/1905 um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda á gjalddaga fyrrnefnds kaupsammings í apríl 2008, nýr fyrningarfrestur hefði hafist við innborganir Miðbæjarbyggðar ehf. en sú síðasta hefði verið í október 2008. Greinir stefnandi svo frá í stefnu að niðurstaða dóms Hæstaréttar hafi staðfest að kröfuréttindi stefnanda á hendur Miðbæjarbyggð ehf. hefðu fallið niður fyrir fyrningu 3. október 2012. Hafi stefnanda þá orðið ljóst að hann hefði orðið fyrir tjóni sem rakið yrði til mistaka lögmannsins A.

Með bréfi lögmanns stefnanda til stefnda 8. mars 2017 var óskað eftir upplýsingum um starfsábyrgðartryggingu lögmannsins hjá stefnda og sendi stefndi til baka samrit af váttryggingarskírteini. Þann 3. maí 2017 sendi lögmaður stefnanda kröfubréf til stefnda með kröfu fyrir hönd stefnanda um að fá bætur úr starfsábyrgðartryggingu lögmannsins hjá stefnda vegna tjóns, sem stefnandi hefði orðið fyrir vegna saknæmrar háttsemi lögmannsins. Með bréfi dags. 15. nóvember 2017 lýsti stefndi því yfir að félagið teldi ósannað að lögmaðurinn hefði með saknæmri háttsemi valdið stefnanda tjóni og hafnaði framkominni kröfu stefnanda um bætur úr starfsábyrgðartryggingu lögmannsins. Stefnandi kveðst því eiga þann kost einan að höfða mál gegn stefnda á grundvelli mistaka og saknæmrar háttsemi lögmannsins, sbr. ákvæði 44. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga.

-

II

Helstu málsástæður og lagarök stefnanda

Stefnandi kveðst byggja á því að stefndi beri skaðabótaábyrgð á tjóni því sem hann hafi orðið fyrir vegna þess að lögmaðurinn hafi ekki gætt hagsmuna hans sem skyldi við rekstur skuldamáls á hendur Miðbæjarbyggð ehf. og H.G. Meyer ehf. Þetta hafi leitt til þess að krafa hans á hendur félaginu Miðbæjarbyggð ehf. hafi fyrnst í meðförum lögmannsins í október 2012 en ljóst sé að lögmaðurinn hafi sinnt hagsmunagæslu fyrir hann á þeim tíma. Óumdeilt sé að lögmaðurinn hafi haft starfsábyrgðartryggingu í gildi hjá stefnda á þeim tíma.

Stefnandi kveðst vísa til laga nr. 77/1998 um lögmenn en þar sé finna ákvæði um að gera megi ríkar kröfur til vinnubragða lögmanna. Í 18. gr. laganna segi að lögmönnum beri í hvívetna að rækja af alúð þau störf sem þeim sé trúað fyrir og neyta allra lögmætra úrræða til að gæta lögvarinna hagsmuna umbjóðenda sinna.

Samkvæmt skilmálum starfsábyrgðartryggingar lögmansins hjá stefnda bæti tryggingin tjón sem leiði af gáleysi í störfum lögmansins. Sérfræðiábyrgð sú sem um lögmenn gildi sé reist á því að gera megi ríkari kröfur til vandaðra vinnubragða og aðgæslu hjá sérfræðingum. Allt gáleysi lögmansins sem valdi tjóni leiði því að jafnaði til skaðabótaábyrgðar. Stefndi kveður sakarmat vegna sérfræðistarfa vera strangara en almennt gerist. Stefnandi hafi leitað til lögmansins og falið honum hagsmunagæslu sem sérfræðingi á tilteknu réttarsviði sem m.a. hafi falist í innheimtu á kröfum stefnanda á hendur félaginu Miðbæjarbyggð ehf. Hafi stefnandi getað gert ríkar kröfur til lögmansins, langt umfram það sem gera megi gagnvart aðilum sem ekki teljist sérfræðingar á þessu réttarsviði. Ekki verði deilt um það grundvallarsjónarmið að beita skuli ströngu sakarmati gagnvart lögmönnum sem sérfræðingum á sviði innheimtu, samningsgerðar og réttarfars.

Dómur Hæstaréttar í máli nr. 293/2016 frá 23. febrúar 2017 staðfesti í raun að með framgöngu sinni hafi lögmaðurinn ekki sinnt hagsmunagæslu fyrir hönd stefnanda með því að tryggja ekki að krafa stefnanda fyrndist ekki undir málarekstri. Athafnaleysi lögmansins og val á röngum réttarúrræðum hafi leitt til þess að stefnandi hafi að lokum tapað kröfu sinni. Lögmaðurinn hafi ekki framkvæmt þau verk sem stefnandi hafi falið honum í samræmi við viðteknar starfsvenjur og réttarframkvæmd. Telji stefnandi að tjón hans verði rakið til saknæmrar háttsemi sem falli undir starfsábyrgðartryggingu lögmansins og sé váttryggingaratburður í skilningi laganna.

Í stað þess að fá dóm fyrir kröfu stefnanda á hendur Miðbæjarbyggð ehf. og staðfestingu á veðréttindum gagnvart H.G. Meyer ehf. hafi lögmaðurinn kosið að halda uppi hagsmunagæslu við fullnustu kröfunnar með því að fara ítrekað fram á nauðungarsölu á fasteign á grundvelli tryggingarbréfs án þess að að baki henni lægi fullnustuheimild. Fyrir liggja að lögmaðurinn hafi talið óþarft að fá dóm fyrir meintri skuld Miðbæjarbyggðar ehf. þrátt fyrir ítrekaðar ábendingar sýslumanns um að þörf væri á dómsúrlausn fyrir kröfunni svo fullnægjandi fullnustuheimild lægi fyrir. Í því sambandi sé vakin athygli á tölvuskeyti stefnanda til lögmansins dags. 7. apríl 2008 þar sem segi að stefnandi hafi verið gerður afturreka úr innheimtudeild banka með 20.000.000 króna tryggingarbréfið þar sem ekki hefði verið unnt að innheimta það eins og um skuldabréf væri að ræða. Hafi í því falist ábending til lögmansins um að fara hefði þurft með málið fyrir dómstóla. Það hafi

þó ekki verið fyrir en á árinu 2014 sem lögmaðurinn höfðaði mál fyrir dómstólum og þá með þeim hætti að aðeins var krafist staðfestingar á veðrétti. Málið hafi verið vanreifað að öllu leyti þannig að leitt hafi til frávísunar þess frá dóminum.

Stefnandi kveðst alla tíð hafa reynt að fylgja málinu eftir en lögmaðurinn hafi stýrt réttarfarslegum aðgerðum í málinu enda sérfræðingur á því sviði og ekki á færi stefnanda sjálfs. Stefnandi hafi átt og mátt treysta því að lögmaðurinn færi fram með réttum og tryggilegum hætti við hagsmunagæslu í hans þágu.

Krafa stefnanda á hendur Miðbæjarbyggð ehf. hafi verið reist á samningi um sölu á hlutum í félaginu Nero ehf. Slík kröfuréttindi fynnist á fjórum árum frá því að þau gjaldfalli. Hæstiréttur hafi í fyrrgreindum dómi sínum staðfest að nauðungarsölubeiðni sem ekki uppfylli formaskilyrði 2. töluliðar 1. mgr. 6. gr. laga nr. 90/1991 rjúfi ekki fyrningu slíkra kröfuréttinda. Lögmaðurinn hafi ekki hirt um að fá dóm fyrir kröfuréttindum stefnanda á hendur Miðbæjarbyggð ehf. til að rjúfa fyrningu og fyrir vikið fyrndist krafan í október 2012.

Stefnandi hafi þar með orðið fyrir stórfelldu tjóni vegna vanrækslu lögmannsins á því að rjúfa fyrningu kröfunnar og telur stefnandi að hann eigi rétt á að fá tjón sitt bætt úr starfsábyrgðartryggingu lögmannsins sem hafi valdið honum tjóni með því að sinna ekki hagsmunagæslu með réttum og tilhlýðilegum hætti.

Væri krafa stefnanda á hendur Miðbæjarbyggð ehf. ófyrnd ætti stefnandi hvoru tveggja veðtryggingu fyrir kröfu sinni í fasteigninni Bolholti 6 og jafnframt ætti hann þess kost að knýja á um efndir með nauðungarsölu á fasteigninni með dóm í höndunum vegna eftirstæðs söluverðs.

Stefnandi kveður liggja fyrir að eftirstæður höfuðstóll skuldar Miðbæjarbyggðar ehf. gagnvart stefnanda nemi 10.000.000 króna auk áfallinna dráttarvaxta miðað við 3. október 2008 að fjárhæð 3.058.326 krónur. Þann 4. mars 2015 hafi greiðst 288.000 krónur inn á skuldina með skuldajöfnun. Kveðst stefnandi um þetta vísa til útreikninga sem legið hafi fyrir í héraðsdómsmálinu nr. E-868/2015. Hefði krafa stefnanda á hendur Miðbæjarbyggð ehf. ekki fyrnst í höndum lögmannsins hefði stefnandi átt kröfu að fjárhæð 12.770.326 krónur auk dráttarvaxta, þ.e. 13.058.326 krónur að frádregnum áðurnefndum 288.000 krónum. Þessi kröfuréttindi stefnanda hafi verið tryggð með tryggingarbréfi að fjárhæð 20.000.000 króna er hvíldi á 2. veðrétti í fasteigninni Bolholti 6. Hefði lögmaðurinn haldið til haga kröfu stefnanda á hendur Miðbæjarbyggð ehf. hefði hann hæglega geta komið í veg fyrir að krafan fyrndist. Um leið hefði mátt tryggja efndir með nauðungarsölu á áðurnefndri fasteign á grundvelli tildæmdrar kröfu stefnanda á hendur Miðbæjarbyggð ehf. Fjártjón stefnanda sé því fjárhæð eftirstæðrar kröfu stefnanda á hendur Miðbæjarbyggð ehf. að fjárhæð 13.058.326 krónur, sbr. framangreinda umfjöllun, auk frekari dráttarvaxta, að frádregnum 288.000 krónum

Þá kveðst stefnandi hafa orðið fyrir stórfelldum kostnaði vegna málareksturs fyrir héraðsdómi og Hæstarétti í viðleitni sinni til að afstýra tjóni. Sé eðlilegt að stefnanda verði jafnframt bætt það tjón úr starfsábyrgðartryggingu lögmannsins.

Lögmaðurinn hafi ekki gripið til aðgerða til að rjúfa fyrningu kröfuréttinda stefnanda á hendur Miðbæjarbyggð ehf. og sé sú háttsemi lögmannsins saknæm. Orsakasamband sé á milli hinnar ólögætu og saknæmu háttsemi lögmannsins og fjártjóns stefnanda. Einu gildi þó Miðbæjarbyggð ehf. hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta á árinu 2015 þar sem félagið hafi verið gjaldfært fram að þeim tíma. Þá hafi stefnandi lýst kröfu í þrotabú Miðbæjarbyggðar ehf. að fjárhæð 28.215.146 krónur auk dráttarvaxta með vísan til þess að krafan nyti veðtryggingar í fasteign þriðja aðila.

Vegna sjónarmiða stefnda um að lögmaðurinn hafi ekki sinnt hagsmunagæslu fyrir stefnanda eftir að árangurslaus nauðungarsala fór fram á árinu 2009 kveðst stefnandi vísa til þess að lögmaðurinn hafi gætt hagsmuna stefnanda samfellt frá árinu 2007 til 15. febrúar 2015 eða allt þar til annar lögmaður hafi tekið við málarekstri stefnanda á hendur Miðbæjarbyggð ehf. og H.G. Meyer ehf. Lögmaðurinn hafi ekki einungis farið með málið á árunum 2007 til 15. febrúar 2015 heldur hafi hann haldið eftir verulegum greiðslum sem hann hafði mótttekið frá Miðbæjarbyggð ehf. en hann hafi síðast ráðstafað af því greiðslu til stefnanda þann 12. mars 2014.

Lögmaðurinn hafi því mótttekið umtalsverðar fjárhæðir við innheimtustörf sín í þágu stefnanda. Stefnandi hafi hins vegar aldrei fengið í hendur reikninga né skilagreinar frá lögmanninum vegna hagsmunagæslu hans í þágu stefnanda. Þá liggja fyrir tölvuskeyti frá stefnanda til lögmannsins á árunum 2008 til 2014.

Stefnandi telur sig hafa leitt nægar líkur að því að hann hafi orðið fyrir tjóni og að hann hafi gert ítarlega grein fyrir því í hverju tjón hans felist og hver tengsl þess séu við atvik máls. Stefnandi kveðst vísa til þess að fullnægt sé áskilnaði 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála um að honum sé heimilt og hann hafi lögvarinn rétt til að leita viðurkenningardóms fyrir kröfu sinni um að viðurkenndur verði réttur stefnanda til skaðabóta úr hendi stefnda Varðar trygginga hf. úr starfsábyrgðartryggingu lögmannsins hjá stefnda, vegna fjártjóns er stefnandi hafi orðið fyrir vegna mistaka lögmannsins við hagsmunagæslu fyrir stefnanda.

Stefnandi hafnar því að honum hafi verið kunnugt um veikindi lögmannsins eða að hann hafi heimsótt hann á Grensásdeild. Ekkert sé hæft í því og það rétta sé að hann hafi ekki frétt af veikindum hans fyrr en eftir á.

Helstu málsástæður og lagarök stefnda

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda. Stefndi kveðst áréttta sérstaklega að sú krafa sem stefnandi hafi átt á hendur Miðbæjarbyggð ehf. hafi verið til komin vegna eftirstöðva af kaupsamningsgreiðslu vegna kaupa á hlutum í Nero hf. Síðarnefnda félagið hafi verið úrskurðað gjaldþrota 14. mars 2012 og hafi skiptum lokið 19. júní 2012 án þess að nokkuð hafi fengist greitt upp í lýstar kröfur. Gjaldþrot hins selda hlutafélags hafi því átt sér stað áður en krafa stefnanda á hendur kaupanda hlutanna fyrndist.

Stefndi vísar til þess að engin gögn liggi fyrir um það að A lögmaður hafi í raun verið lögmaður stefnanda þegar krafa hans fyrndist. Á tímabilinu frá hinni árangurslausu nauðungarsölu 7. maí 2009 til tölvubréfssendingar stefnanda 10. maí 2012 hafi engin samskipti verið á milli stefnanda og lögmannsins. Ekkert liggi raunar fyrir um það að lögmaðurinn hafi fengið það tölvubréf. Það hafi því engin samskipti verið á milli stefnanda og lögmanns hans á þessu þriggja ára tímabili.

Ekkert sé fjallað um það í málsatvikalýsingu stefnanda að A hafi veikst mjög alvarlega í ágúst 2011 þegar hann hafi fengið heilablæðingu og verið hætt kominn. Allar málstöðvar A hafi skemmst og hann átt mjög erfitt með að tjá sig. Við hafi tekið umfangsmikil og tímafrek endurhæfing sem staðið hafi yfir í þrjú ár. Í kjölfar veikindanna hafi eiginkona A, sem nú sé látin, tekið þau málgögn sem enn hafi verið á skrifstofu hans og keyrt þau til viðskiptavina og/eða nýrra lögmannalögmönnum. Þar sem A og stefnandi hafi verið búnir að þekkjast vel í nokkra áratugi og verið góðir kunningjar hafi stefnandi vel vitað af veikindum og ástandi A. Geti stefnandi því ekki talist hafa vera í góðri trú um að A hefði sinnt lögmannsstörfum samhliða endurhæfingu sinni, ekki síst í ljósi þess að engin bréf liggi fyrir um samskipti þeirra á milli um málið og hvar það væri statt, sem skjóti skökku við fyrst stefnandi hafi talið öruggt að það væri í meðförum lögmannsins. Ekkert liggi hins vegar fyrir um það að stefnandi hafi talið svo vera. Telur stefndi í ljósi kunningsskapar stefnanda og lögmannsins liggja fyrir að stefnandi hafi vitað um veikindi og ástand lögmannsins og að hann væri ekki í ástandi til þess að vinna. Lögmaðurinn hafi til að mynda lýst því fyrir stefnda að stefnandi hafi komið í heimsókn til hans á Grensásdeild þar sem hann hafi verið í endurhæfingu í kjölfar heilablæðingarinnar.

Að mati stefnda sé ljóst að A hafi ekki verið lögmaður stefnanda eða haldið á hinni umdeildu kröfu þegar hún fyrndist í október 2012. Krafan hafi því verið fyrnd þegar hann tók við henni og hóf innheimtuaðgerðir að nýju. Þá hafi verið ákveðið að láta á það reyna hvort tekið yrði til varna á þeim grunni að krafan væri fyrnd eða hvort skuldari myndi fallast á kröfuna og greiða hana.

Stefndi kveðst byggja á því að sök A sé ósönnuð. Jafnvel þótt fallist yrði á að viðhafa ætti strangt sakarmat í málinu, sem sé mótmælt, sé það engu að síður svo að hefðbundnar sönnunarkröfur gilda að jafnaði þegar kemur að þeim atvikum er stefnandi byggir bótakröfu sína á. Ósannað sé að krafan hafi fyrnst í höndum A. Þvert á móti sé á því byggt að krafan hafi fyrnst í höndum stefnanda sjálfs eða mögulega annars lögmanns, hafi hann leitað til annars lögmanns í kjölfar veikinda A. Stefnandi hafi því ekki sýnt fram á að A hafi sýnt af sér saknæma eða ólögmeta vanrækslu við hagsmunagæslu fyrir hönd stefnanda.

Af grunnreglum skaðabótaréttar leiði að jafnvel þótt fallist yrði á sök A, sem sé mótmælt, þá sé það stefnanda að sanna hvaða tjón hafi leitt af þeirri meintu sök. Tjónið sé ósannað í máli þessu. Stefnandi beri þá sönnunarbyrði og sé því mótmælt að nægilegt sé að leiða líkur að því tjóni.

Til þess að tjón teljist sannað þurfi stefnandi að sýna fram á hver hefði orðið niðurstaða þess innheimtumáls sem hann heldur fram að A hefði átt að höfða á hendur Miðbæjarbyggð ehf. og eiganda húsnæðisins að Bolholti 6 í október 2012 til að forðast fyrningu kröfunnar. Það liggi fyrir í gögnum málsins að Miðbæjarbyggð ehf. hafði ýmsar efnislegar varnir gegn kröfunni. M.a. taldi Miðbæjarbyggð ehf. að hið selda félag Nero ehf. hefði skort áskilda kosti. Það félag hafi ekki skilað ársreikningi síðan 2008, orðið gjaldþrota 14. mars 2012 og skiptum lokið þann 19. júní 2012. Megi því gera ráð fyrir að gjaldþrot hins selda félags hefði komið til skoðunar og haft veruleg áhrif á kröfu stefnanda um eftirstöðvar kaupsamningsgreiðslu ef mál hefði verið höfðað af hálfu lögmannsins fyrir fyrningu kröfunnar. Gjaldþrot hins selda félags hafi því legið fyrir áður en krafan á hendur kaupanda þess fyrndist, auk þess sem skiptum var lokið með vísan til eignaleyfis, sbr. 155. gr. laga nr. 21/1991, og ekkert hafði greiðst upp í lýstar kröfur. Gera megi því ráð fyrir að efnisvarnir kaupanda um að félagið hafi skort áskilda kosti hefðu haft neikvæð áhrif á kröfu stefnanda á hendur Miðbæjarbyggð ehf. og þar með veðtryggingu kröfunnar. Að mati stefnda sé sú fullyrðing stefnanda að hann hefði fengið kröfu sína dæmda og greidda að fullu í slíkum málarekstri byggð á hæpnum grunni. Ljóst sé því, að mati stefnda, að stefnandi hafi ekki beðið tjón af meintri vanrækslu hins tryggða af því að höfða ekki mál á hendur kaupanda félagsins fyrir 3. október 2012. Ekki síst þar sem það var ekki einungis úrskurðað gjaldþrota fyrir þann tíma heldur skiptum einnig lokið fyrir sama tíma án þess að nokkuð fengist greitt upp í lýstar kröfur.

Þá byggir stefndi jafnframt á því að jafnvel þótt krafa hefði unnist á hendur Miðbæjarbyggð ehf. þá hafi það félag einnig orðið gjaldþrota og skiptum lokið án þess að nokkuð fengist greitt upp í lýstar kröfur. Málarekstur sem hefði verið efnt til fyrir hönd stefnanda hefði því haft fátt annað í för með sér en kostnað fyrir

stefnanda sjálfan, þar sem ekkert bendir til þess að krafan hefði fengist greidd hefði hún verið innheimt áður en hún fyrndist.

Mál þetta, eins og það sé sett upp af stefnanda, snúist í fyrsta lagi um það hvort það teljist saknæm háttsemi lögmanns að höfða ekki sérstakt dómsmál án beinna fyrirmæla, vegna vanefnda kaupanda félags sem varð gjaldþrota, jafnvel þótt óvíst sé með útkomu og kostnað. Telji dómurinn, gegn andmælum stefnda að svo sé, þá snúist málið í öðru lagi um það hvort stefnanda hafi tekist að sanna með óyggjandi hætti að slíkt mál, hefði það verið höfðað af A, hefði endað með nákvæmlega sama hætti og gert sé ráð fyrir í kröfugerð stefnanda í þessu máli. Það hvíli á stefnanda að sanna þennan málátilbúnað sinn um tjón og orsakasamband þess við meinta vanrækslu lögmannsins. Eins og þegar hafi verið rakið sé því mótmælt af hálfu stefnda að stefnandi hafi orðið fyrir fjártjóni, auk þess sem stefndi telur ósönnuð orsakatengsl á milli meintrar vanrækslu váttryggða og tjóns, ef slíku er til að dreifa.

IV

Niðurstaða

Í máli þessu krefst stefnandi bóta úr starfsábyrgðartryggingu lögmannsins A hjá stefnda vegna tjóns sem stefnandi kveðst hafa orðið fyrir vegna starfa lögmannsins í hans þágu. Byggir málátilbúnaður stefnanda á því að lögmaðurinn hafi ekki sinnt hagsmunagæslu fyrir hann sem skyldi með þeim afleiðingum að krafa hans á hendur félaginu Miðbæjarbyggð ehf. hafi fyrnst í meðförum lögmannsins 3. október 2012. Stefndi hefur hafnað bótaskyldu á þeim forsendum að lögmaðurinn hafi ekki á þeim tíma er krafa stefnanda fyrndist sinnt hagsmunagæslu fyrir stefnanda. Verði ekki á það fallist byggir stefndi á því að hann hafi sinnt hagsmunagæslu fyrir stefnanda með forsvaranlegum hætti auk þess sem ekkert liggja fyrir um tjón stefnanda. Krefst stefndi sýknu meðal annars á þeim grundvelli að sök, tjón og orsakatengsl séu ósönnuð.

Eins og áður er fram komið greinir aðila nokkuð á um tildrög máls þessa og hvernig hagsmunagæslu lögmannsins í þágu stefnanda var háttáð og á hvaða tíma lögmaður fór með kröfu stefnanda. Dómurinn tekur fram að sönnunarbyrði um að lögmaðurinn hafi sýnt af sér saknæma háttsemi eða vanrækslu vegna rangrar eða ófullnægjandi hagsmunagæslu í lögmannsstörfum fyrir stefnanda hvílir á stefnanda. Er óumdeilt að lögmaðurinn kom ekki að gerð kaupsamnings um viðskipti með hlutabréf í félaginu Nero hf. eða samningu tryggingarbréfs sem gefið var út í tengslum við þau viðskipti. Fyrir liggur að lögmaðurinn tók á hinn bóginn að sér hagsmunagæslu fyrir stefnanda á árinu 2007 vegna vanskila sem þá höfðu orðið í fyrrgreindum viðskiptum. Fram er komið að af því tilefni hafi 12. nóvember 2007

verið útbúið samkomulag um greiðslu eftirstöðva kaupsamningsverðsins og gerður viðauki við áður nefnt tryggingarbréf sama dag sem m.a. var ætlað að bæta beinni nauðungarsöluheimild við tryggingarbréfið eins og áður er lýst. Þá liggur fyrir að á árunum 2008–2009 var reynt að ná fram nauðungarsölu á fasteigninni að Bolholti 6 í Reykjavík en hún reyndist árangurslaus. Tilkynnti lögmaðurinn stefnanda um þær málalýktir með tölvuskeyti 7. júlí 2009. Ekki verður séð af gögnum málsins að frekari samskipti hafi verið milli stefnanda og lögmannsins af því tilefni. Stefnandi sendi lögmanninum tölvuskeyti 10. maí 2012 þar sem segir: „Þætti vænt um ef þú gætir kannað hvort Miðbæjarbyggð [...] á einhverjar eignir sem hægt væri að ganga að.“ Fram kom í skýrslu stefnanda fyrir dóminum að hann hefði ekki fylgt erindinu frekar eftir og að honum hefði ekki borist neitt svar frá lögmanninum. Þá er fram komið í málinu að lögmaðurinn veiktist alvarlega í ágúst 2011.

Á hinn bóginn liggur fyrir að lögmaðurinn lagði á ný fram beiðni um nauðungarsölu á umræddri fasteign á árinu 2014 sem var endursend af embætti sýslumanns af ástæðum sem þegar eru raktar. Höfðaði lögmaðurinn þá mál fyrir hönd stefnanda til að freista þess að fá dóm um kröfu hans á hendur Miðbæjarbyggð en því máli var vísað frá dómi með úrskurði dómsins 4. febrúar 2015. Málinu var þá stefnt inn að nýju af nýjum lögmanni og fékk málið þær lýktir í Hæstarétti 23. febrúar 2017 að stefndu voru sýknaðir þar sem krafa stefnanda var talin hafa fyrnst 3. október 2012.

Af gögnum málsins og því sem rakið hefur verið um samskipti stefnanda og lögmannsins A og fram er komið í málinu verður ekki ráðið að lögmaðurinn hafi á þeim tíma er krafa stefnanda fyrndist sinnt hagsmunagæslu fyrir stefnanda. Líta verður svo á að rekstri lögmannsins á málinu hafi lokið með tilkynningu hans til stefnanda um málalýktir 7. júlí 2009 en hann hafi að beiðni stefnanda hafið innheimtutilraunir að nýju á árinu 2014 og síðar málarekstur á árinu 2015. Tölvuskeyti stefnanda til lögmannsins í maí 2012 breytir engu um þessa niðurstöðu enda lýsti stefnandi því sjálfur fyrir dóminum að hann hefði ekki fylgt því erindi frekar eftir og að tölvuskeytinu hefði lögmaðurinn aldrei svarað. Gat stefnandi því með réttu ekki talið að lögmaðurinn væri að sinna málinu fyrir hans hönd á þessum tíma. Þá geta hvorki síðari samskipti þeirra í milli vegna innheimtu kröfunnar né greiðsla til stefnanda í mars 2014 neinu breytt um þetta. Að mati dómsins hefur stefnandi því ekki leitt sönnur að því að lögmaðurinn hafi sinnt hagsmunagæslu fyrir hann er krafa hans fyrndist 3. október 2012. Ber því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í máli þessu.

Í samræmi við þessi úrslit málsins þykir verða að gera stefnanda að greiða stefnda málskostnað, sbr. 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, eins og nánar greinir í dómsorði.

Hólmfríður Grímsdóttir héraðsdómari kvað upp dóm þennan. Dómarinn tók við meðferð málsins 11. apríl 2018. Af hálfu stefnanda flutti málið Sigurður Sigurjónsson lögmaður. Af hálfu stefnda flutti málið Eva Bryndís Helgadóttir lögmaður.

D Ó M S O R Ð:

Stefndi, Vörður tryggingar hf., er sýkn af kröfum stefnanda, Friðriks Björnssonar, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda 350.000 krónur í málskostnað.